



Breytingar á lögum Krafts - félag til almannaheilla Aðalfundur 7.apríl 2022

Hér má sjá lög um félög til almannaheilla:

<https://www.althingi.is/lagas/151c/2021110.html>

Lög Krafts, stuðningsfélags eru lesin með það til hliðsjónar hvernig við þurfum að bæta/breyta lögum okkar til að við föllum undir ákvæði laga um félag til almannaheilla.

Eftirfarandi eru tillögur að lagabreytingum til að geta breytt rekstrarformi félagsins úr 94.99.9 Starfsemi annarra ótalinna félagasamtaka í félag til almannaheilla.

1. GR. NAFN OG STAÐA

Félagið heitir „Kraftur, stuðningsfélag“ og er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur. Félagið starfar á landsvísu sem sjálfstætt áhugamannafélag og er aðili að Krabbameinsfélagi Íslands. Heimili og varnarþing Krafts er í Reykjavík. Kraftur er félag til almannaheilla og starfar skv. lögum 110/2121.

4. GR. AÐALFUNDUR

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Hann skal halda í apríl ár hvert. Skal hann boðaður með að minnsta kosti viku fyrirvara. Tilkynna skal dagskrá í fundarboði. Fundurinn er lögmetur ef löglega er til hans boðað. Á aðalfundi skulu jafnan tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla félagsstjórnar fyrir síðastliðið starfsár (frá síðasta aðalfundi).
2. Endurskoðaðir reikningar fyrir síðastliðið reikningsár lagðir fram til samþykktar.
3. Ákveðið árgjald.
4. Kosin stjórn, varastjórn, endurskoðendur og skoðunarmenn reikninga úr hópi félagsmanna
5. Lagabreytingar
6. Önnur mál

8. GR. FJÁRMÁL

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Prókúruhafi er gjaldkeri og formaður félagsins og/eða aðrir sem stjórn félagsins veitir slíkt umboð. Á aðalfundi skal kjósa, til eins árs í senn, löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til þess að annast endurskoðun á ársreikningi félagsins **sem og skoðunarmenn reikninga úr hópi félagsmanna. Félagið er fjármagnað með styrkjum, greiddum félagsgjöldum og sölu á varningi. Stjórn félagsins skal sjá til þess að fjármunum félagsins sé ráðstafað á forsvaranlegan hátt í samræmi við tilgang félagsins.**

10. GR. LAGABREYTINGAR

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi. Til þess þarf $\frac{3}{4}$ greiddra atkvæða. Skal þess getið í fundarboði ef tillögur til lagabreytinga verða lagðar fram á fundinum. Aldrei má breyta lögum þannig að raskað sé megintilgangi félagsins, sbr. 2. gr.

Að auki vill stjórn gera að tillögu að kjósa inn í stjórn þrjá varamenn í stað tveggja:

5. GR. STJÓRN

Stjórn félagsins er skipuð fimm mönnum auk tveggja (þriggja) varamanna. Formaður skal kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn. Meðstjórnendur, sem eru fjórir talsins, eru einnig kosnir til tveggja ára í senn en kosið er um tvo meðstjórnendur á hverju ári. Varamenn eru kosnir árlega til eins árs. Formaður má sitja tvö kjörtímabil samfelld og getur gefið kost á sér á ný eftir tvö ár. Einungis félagsmenn í Krafti geta gefið kost á sér til stjórnarsetu og formennsku í félaginu. Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund skiptir stjórn með sér verkum og velur varaformann, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Stjórnin skipar nefndir til starfa fyrir félagið.